



Niðurstöður um líftíma kjarasamninga á næsta leiti

Ákvörðun eftir rúma viku

Nú styttist í að ákvarðanir verði teknar um uppsögn eða framlengingu kjarasamninga á almenna markaðnum. Ákvörðun um uppsögn þarf að hafa komið fram fyrir kl. 16.00 þann 28. febrúar nk.

Málið hefur verið í biðstöðu allt síðastliðið ár þar sem aðilar voru sammála um það fyrir ári að forsendubrestur hefði orðið varðandi framkvæmd samningsins. Hins vegar voru aðilar sammála um að fresta þeirri uppsagnarheimild sem þá lá fyrir um eitt ár.

Þrjár forsendur skoðaðar í fyrra


Forsendunefnd ASÍ og SA skoðaði þrjú atriði við mat sitt í fyrra; fjármögnun stjórnvalda á stofnframlögum til almennra íbúða, hvort launastefna samningsins hafi verið stefnumarkandi og hvort kaupmáttur hafi aukist á samningstímanum.

Niðurstaða nefndarinnar var að tvær af þremur forsendum hefðu staðist en ein ekki. Forsendan sem ekki stóðst snerist um launaþróun annarra hópa sem var talin hafa farið fram úr stefnumörkun samningsins. Fram kom að launahækkanir í kjarasamningum sveitarfélaga og félags grunnskólakennara frá nóvember 2017 og félags tónlistarskólakennara frá janúar 2017 hafi verið meiri en fólst í sameiginlegri launastefnu samkvæmt rammksamkomulagi ASÍ, BSRB, SA, ríkisins, Sambands sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar frá 27. október 2015.


Úrskurðir Kjararáðs í bakgrunni

Ekkert var minnst á úrskurði Kjararáðs í niðurstöðum forsendunefndar, en aðeins var komið inn á þá í yfirlýsingu samninganefndar aðildarsamtaka ASÍ og framkvæmdastjórnar SA sem send var út samhliða ákvörðuninni. Í yfirlýsingunni kom einnig fram sú afstaða að forsenda þess að hægt væri að halda áfram með vinnu um mótun nýs


Launaþróun og kaupmáttur



Kaupmáttur launa frá 2001



Launahækkanir einstakra hópa október 2016 - október 2017





samningalíkans fyrir vinnumarkaðinn væri að launum kjörinna fulltrúa og æðstu embættismanna yrði breytt frá ákvörðun Kjararáðs á árinu 2016. Alþingi gerði í kjölfarið einhverjar breytingar á starfstengdum kjörum alþingismanna, en að öðru leyti hafa allir úrskurðir Kjararáðs staðið.

Áhrif kjarasamninga á árinu 2017

Í samkomulagi Samninganefndar aðildarsamtaka ASÍ og framkvæmdastjórnar SA sem gert var samhliða framlengingu kjarasamninga í fyrra var sérstaklega komið inn á þá kjarasamninga sem voru í vændum það sem eftir lifði árs 2017 og möguleg áhrif þeirra á launastefnu. Í raun má segja að ASÍ og SA hafi frestað ákvörðun um eitt ár til þess að geta séð hver yrði niðurstaða annarra hópa fram til næstu ákvörðunar.

Skemmst er frá því að segja að það sem eftir lifði ársins 2017 gerðist óvenju lítið hvað kjarasamningagerð varðar. Af stórum hópum gerðu sjómenn kjarasamning að afloknu löngu verkfalli, en annar stór hópur, BHM, náði ekki að ljúka samningum á árinu, og hluti þess hóps lauk samningsgerð í febrúar 2018.

Hver bíður eftir hverjum?


Ef ætlunin hjá ASÍ og SA var að bíða eftir niðurstöðum úr kjarasamningum BHM gekk það ekki upp. Ýmsir atburðir á vettvangi ríkisins, t.d. ríkisstjórnarskipti, trufluðu samningaviðræður verulega stóran hluta ársins. Hluti félaga innan BHM hefur lokið samningum en hluti ekki. Mögulega sjá einhverjir hagsmunir í því að bíða eftir ákvörðun um afdrif kjarasamninga í lok þessa mánaðar.

Hvað með forsendurnar?

Í raun virðist eina spurningin sem forsendunefnd þarf að svara varðandi afdrif samninga nú í lok mánaðarins snúa að launaþróun annarra hópa og því hvort kjarasamningur ASÍ og SA hafi verið stefnumarkandi. Kaupmáttarþróun hefur haldið áfram að vera jákvæð, þótt aukning kaupmáttar sé nú hægari en var á síðustu árum.


Fátt bendir til þess að þeir samningar sem gerðir hafa verið frá lokum febrúar í fyrra hafi haft verulega truflandi áhrif á vinnumarkaðinn. Þá standa eftir úrskurðir Kjararáðs og þeir samningar

Mánaðarleg breyting launavísitölu



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Launahækkun í atvinnugreinum október 2016 - október 2017



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



sem voru gerðir áður en síðasta ákvörðun var tekin. Kröfum ASÍ og SA um að ákvörðunum Kjararáðs yrði breytt var einungis svarað af óverulegu leyti og samkvæmt niðurstöðu starfshóps um Kjararáð sem skilaði skýrslu í lok síðustu viku verður það ekki gert. Bæði ASÍ og SA hafa lýst ánægju með þær breytingar sem lagðar eru til á fyrirkomulagi við launaáakvarðanir hjá kjörnum fulltrúum, dómurum og æðstu embættismönnum. Það viðhorf ætti að auka líkur á að samningum verði ekki sagt upp.

Fórarkostnaður við uppsögn

Samkvæmt núgildandi samningum eiga laun almennt að hækka um 3% þann 1. maí nk. Sú launahækkun kemur ekki til framkvæmda ef samningum verður sagt upp nú um mánaðamótin. Ekki verður í fljótu bragði séð að auðveldlega muni ganga að sækja meiri launahækkanir í nánustu framtíð.

Uppsögn ólíkleg?

Að öllu þessu sögðu hlýtur að teljast ólíklegt að kjarasamningum verði sagt upp nú í lok mánaðar. Hugsanlegt er að endurskoðun og viðræður aðila, t.d. viðræður ASÍ við stjórnvöld, skili einhverjum viðbótum við gildandi samninga eða breytingum á sköttum og/eða bótum. Það verður því að teljast hæpið að samningsaðilar vilji raska þeim stöðugleika sem ríkt hefur á síðustu árum.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.